

Númer: 44/2018

Dreifibréf til fjármálafyrirtækja, greiðslustofnanna, rafeyrisfyrirtækja og Samtaka fjármálafyrirtækja

Reykjavík, 29. ágúst 2018
Tilvísun: 2018060004

Efni: Drög að endurskoðuðum reglum um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti fyrirtækja á fjármálamarkaði

Fjármálaeftirlitið hefur gefið út umræðuskjal nr. 3/2018. Umræðuskjalið inniheldur drög að endurskoðuðum reglum um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti fyrirtækja á fjármálamarkaði. Reglurnar eru settar með heimild í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, 1. mgr. 17. gr. laga nr. 120/2011 um greiðsluþjónustu og 1. mgr. 23. gr. laga nr. 17/2013 um útgáfu og meðferð rafeyris.


Um er að ræða uppfærslu á núgildandi reglum nr. 672/2017 um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti fjármálafyrirtækja, en með nýju reglunum er gildissvið eldri reglna útvíkkað þannig að þær ná til greiðslustofnanna og rafeyrisfyrirtækja. Til samræmis við þessar breytingar er nafni reglnanna breytt og reglunum veitt ný lagastoð, en efnistöð reglnanna breytast ekki að öðru leyti.

Með dreifibréfi þessu gefur Fjármálaeftirlitið viðtakendum kost á að gera athugasemdir viðdrögin. Skjölín eru einnig birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins www.fme.is/log-og-tilmaeli/umraeduskjol/.

Fjármálaeftirlitið óskar eftir því að athugasemdir umsagnaraðila við meðfylgjandi umræðuskjali berist eftirlitinu eigi síðar en 14. september nk. Óskað er eftir að umsagnir séu ritaðar á þar til gert umsagnareyðublað sem finna má á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, sbr. nánari skýringar á forsíðu meðfylgjandi umræðuskjals nr. 3/2018.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ


Anna Mjöll Karlsdóttir


Finnur Loftsson